



Kópavogi, 12. september 2023
22114511/210.01 ABS

Kynninga- og samráðsfundir fyrir foreldra barna í leikskólum Kópavogs

Kynningarfundir fyrir foreldra barna í öllum leikskólum Kópavogs voru skipulagðir dagana 21.-31. ágúst. Fundirnir voru bókaðir í klukkutíma en stóðu yfirleitt lengur eða u.þ.b. 1,5 klst.

Viðstaddir alla fundi voru starfsfólk menntasviðs, sviðsstjóri, rekstrarstjóri, deildarstjóri leikskóladeildar og leikskólaráðgjafi sem jafnframt ritaði fundargerðir. Fundirnir fóru þannig fram að leikskólastjóri opnaði fundina og sviðsstjóri menntasviðs tók því næst við kynningu um innleiðingu og framkvæmd þeirra breytinga sem samþykktar hafa verið í leikskólamálum. Lögð var áhersla á að upplýsa foreldra um ástæður og eðli breytinganna og ekki síst þann ávinning sem þeim er ætlað fyrir starfsfólk og börn og fjölskyldur þeirra. Kynningin var ca hálf tíma og í framhaldi af því var opnuð mælendaskrá fyrir fyrirspurnir foreldra og umræður.

Í nokkrum tilvikum sameinuðust leikskólar um fundina og voru þeir þá haldnir í grunnskólum viðkomandi skólahverfa auk þess sem leikskólarnir Dalur og Núpur skipulögðu sinn fund í Lindakirkju. Að meðaltali mættu rúmlega 30 foreldrar á hvern fund, þar af báðir foreldrar í mörgum tilvikum. Hlutfall kynja var nokkuð jafnt á flestum fundum.

Leikskóli	Mæting
Aðalþing	Rafræn kynning til foreldra
Arnarsmári	25
Álfaheiði/Efstihjalli	50
Austurkór/Baugur/Kór	65
Dalur/Núpur	27
Fagrabrekka/Kópahvoll	21
Fífusalir	38
Álfatún/Furugrund/Grænatún	30
Kópasteinn	40
Lækur	50
Marbakki	29
Rjúpnahæð	30
Sólhvörf	5 (samtal við aðra foreldra jafnóðum)
Urðarhóll	30



Umræður og helstu ábendingar foreldra:

Helstu ábendingar sem fram komu á foreldrafundunum snéru að meiri sveigjanleika við skráningu dvalartíma, ekki síst vegna vaktavinnu. Einnig var talsvert um ábendingar varðandi upphæðir viðmiða og útfærslu tekjutengdra afslátta. Sérstaklega voru gerðar athugasemdir um viðmið fyrir einstæða foreldra.

Helstu ábendingar sem fram komu á foreldrafundunum verða teknar til skoðunar á menntasviði og mótaðar tillögur í samræmi sem lagðar verða fram á haustönn.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Sigurlaug Bjarnadóttir
Deildarstjóri leikskóladeildar